

Messías

.....
FÖSTUDAGUR 02.12.11



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....

Messías er lítið eitt styttr á þessum tónleikum, þar sem nokkrir af síðustu þáttum verksins eru felldir burt. Fyrri hlutinn tekur um 55 mínútur í flutningi, en síðari hlutinn um 70 mínútur.

Tónleikagestir eru vinsamlegast beðnir um að klappa ekki milli kafla, heldur að loknum fyrsta og þriðja hluta verksins.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út á Rás 1 á jóladag.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

MESSÍAS

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 2. DESEMBER 2011 KL. 19.30

Matthew Halls hljómsveitarstjóri

Susan Gritton, Robin Blaze, James Oxley, Matthew Brook einsöngvarar

Kór Áskirkju og Hljómeyki

Magnús Ragnarsson kórstjóri

Georg Friederich Händel *Messiah (1742)*

Part the First

Hlé

Part the Second

Part the Third

Söngtextar eru á bls. 15.

Matthew Halls *hljómsveitarstjóri*



Breski stjórnandinn Matthew Halls stundaði tónlistarnám við Oxford-háskóla og kenndi þar um fimm ára skeið að námi loknu. Hann vakti fyrst athygli á heimsvísu þegar hann tók við listrænni stjórn tónlistarhópsins The King's Consort og stýrði honum á tónleikum í sölum á borð við Concertgebouw í Amsterdam, La Cité de la Musique í París og Konserthúsinu í Berlín. Hann hefur stjórnað óperuflutningi við Bæversku þjóðaróperuna, Komische Oper í Berlín, og í Lincoln Center í New York, auk þess sem hann hefur komið fram á Wiener Festwochen og Edinborgarhátíðinni. Hann hefur bæði stjórnað hljómsveitar- og kórtónlist við góðan orðstír og verkefnaval hans spannar tónskáld allt frá Byrd til Brittens, frá Gesualdo til Schönbergs.

Halls hefur meðal annars stýrt Útvarpshljómsveitinni í Berlín, London Mozart Players, Fílharmóníuhljómsveitinni í Bergen og Þjóðarhljómsveitinni í Washington D.C. Hann er samballeikari að mennt og kemur enn fram sem slíkur, meðal annars í South Bank Centre og Wigmore Hall, og hefur leikið *Goldberg-tilbrigði* Bachs m.a. í Ísrael, Ottawa og Moskvu. Árið 2009 stofnaði Halls tónlistarhópin Retrospect Ensemble, sem kemur reglulega fram á tónleikum í Wigmore Hall og hljóðritar fyrir Linn Records. Þá stjórnar hann Barokkhljómsveit Evrópusambandsins og kennir við Dartington-sumarskólann á Bretlandi.

Susan Gritton

sópran



Breska sópransöngkonan Susan Gritton lærði grasafræði við Oxford-háskóla en vakti fyrst verulega athygli á söngsviðinu þegar hún hrepti fyrstu verðlaun í Kathleen Ferrier-keppninni árið 1994. Hún þykir einn fremsti lýrski sópran sinnar kynslóðar og hefur hlotið mikið lof fyrir túlkun sína á tónlist allt frá Händel og Mozart til Brittens og Richards Strauss.

Gritton hefur komið fram við flest fremstu óperuhús heims, og nægir þar að nefna La Scala (Ellen í *Peter Grimes*), Covent Garden (Liu í *Turandot*), Glyndebourne (titilhlutverkið í *Theodora* eftir Händel) og Bolshoi-leikhúsið (Donna Anna í *Don Giovanni*). Í tónleikasölum heimsins hefur hún meðal annars sungið *Þýska sálumessu* eftir Brahms með Sir Simon Rattle og Fílharmóníuhljómsveit Berlínar, *Messías* með Covent Garden-hljómsveitinni undir stjórn Antonio Pappano, og *Das Paradies und die Peri* eftir Schumann með Vínarfílharmóníunni og Rattle. Hljóðritanir hennar hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda og hefur hún meðal annars verið tilnefnd til Grammy-verðlauna. Þá syngur hún einsöng í hljóðritun Deutsche Grammophon á *Messíasi*, sem Paul McCreech stjórnar og þykir ein sú besta sem gerð hefur verið af verkinu.

Robin Blaze

kontratenór



Robin Blaze hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem einn fremsti kontratenór heims og þykir fara sérlega vel með tónlist Purcells, Bachs og Händels. Hann hefur starfað með öllum helstu barokk-stjórnendum heims: John Eliot Gardiner, Philippe Herreweghe, Gustav Leonhardt, Paul McCreesh, Trevor Pinnock og Mazaaki Suzuki. Hann hefur einnig komið fram á tónleikum með Fílharmóníuhljómsveit Berlínar, Skosku kammersveitinni og Barokksveitinni í Amsterdam, svo nokkrar séu nefndar.

Af óperum Händels hefur Blaze meðal annars sungið í *Semele* við Covent Garden, *Theodoru* við Glyndebourne og *Xerxes* við Ensku þjóðaróperuna. Hann syngur á heildarhljóðritun BIS-forlagsins á kantötum Bachs ásamt Bach Collegium Japan og hefur hlotið frábæra dóma fyrir. Hann hefur komið fram á fjölda tónlistarhátíða um allan heim, meðal annars Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju 2005 og 2007. Nýverið hefur hann sungið *Mattheusarpassíuna* með Collegium Vocale Ghent og Philippe Herreweghe, *Messías* með kammerkórnum The Sixteen og Harry Christophers, og *Jólaóratóríu* Bachs með Retrospect Ensemble og Matthew Halls á hátíðartónleikum í Wigmore Hall á gamlárskvöld 2010.

James Oxley



James Oxley lærði sellóleik við Royal College of Music og stundaði síðar söngnám hjá Rudolf Piernay. Hann hlaut fyrstu verðlaun í Mary Garden-söngkeppninni árið 1992 og hefur síðan helgað sig söngnum eingöngu.

Oxley hefur komið fram víða um heim og sungið með framúrskarandi barokk-hópum og -stjórnendum. Hann var einsöngvari í Bach-tónleikaferðalagi með Monteverdi-kórnum og John Eliot Gardiner árið 2000, hefur sungið *Missa solemnis* eftir Beethoven með Orchestra of the Age of Enlightenment, *Messu í c-moll* eftir Mozart með Skosku kammersveitinni og *Serenöðu* Britzens með Sinfóníuhljómsveitinni í Sydney. Á næstu mánuðum mun hann meðal annars syngja *Jóhannespassíuna* með Northern Sinfonia, *Messías* með Royal Scottish National Orchestra, og *Der Tod Jesus* eftir Graun ásamt Collegium Vocale Ghent og Akademie für Alte Musik í Berlín.

Matthew Brook

bassi



Enski bassasöngvarinn Matthew Brook hefur vakið athygli víða um heim fyrir túlkun sína á barokktónlist og hefur starfað með stjórnendum á borð við John Eliot Gardiner, Richard Hickox, Charles Mackerras og Christophe Rousset. Hann söng hlutverk Zuniga í *Carmen* við Parísaróperuna undir stjórn Gardiners, og hlutverk Don Alfonsos (*Cosí fan tutte*) og Bartolos (*Brúðkaup Fígarós*) á tónleikaferð Gardiners og Ensku barokkeinleikarana um Evrópu, m.a. í Covent Garden í Lundúnum, Salle Pleyel í París og Teatro Real í Madrid.

Meðal hljóðritana Brooks má nefna *Messías* á hljóðritun Dunedin Consort sem hlaut Gramophone-verðlaunin fyrir barokkdisk ársins 2007, sem og *Messu í h-moll* og *Mattheusarpassíu* Bachs með sama hópi. Hann hefur sungið *býsku sálumessuna* eftir Brahms með Filharmóníuhljómsveitinni í St. Pétursborg, *Jóhannesarpassíuna* með Collegium Vocale Ghent og Philippe Herreweghe, *Árstíðir* Haydns með Gardiner og Monteverdi-kórnum og *Messías* með The Sixteen og Harry Christophers. Fyrr á þessu ári söng hann í óperum eftir Händel með Il Complesso Barocco og Alan Curtis, flutti *Der Freischütz* eftir Weber á Proms-tónlistarhátíðinni í Lundúnum ásamt John Eliot Gardiner og Orchestre Révolutionnaire et Romantique, og var einsöngvari í Níundu sínfóníu Beethovens með Áströlsku kammersveitinni.

Kór Áskirkju

Kór Áskirkju var stofnaður í núverandi mynd haustið 2001. Kórmeðlimir eru allir söngmenntaðir og hafa mikla reynslu í kórsöng. Að jafnaði eru 24 söngvarar í kórnum en kórinn kemur einnig fram í smækkaðri mynd, einkum við kirkjulegar athafnir. Kórinn æfir einu sinni í viku og tekur þátt í messu- og hátíðarhaldi kirkjunnar. Einnig hefur kórinn sungið við hátíðleg tækifæri í tengslum við safnaðarstarfið. Kórinn hefur haldið tónleika á Akureyri, í Mývatnssveit, í Sólheimum og á Eskifirði.

Starf kórsins hefur verið með miklum blóma og hefur hann haldið að minnsta kosti tvenna tónleika á ári við góðan orðstír. Að jafnaði hafa einsöngshlutverk verið í höndum kórfélaga. Á meðal stærri verka á efnisskrá kórsins má telja *Stabat mater* eftir Dvořák, *Gloriu í D-dúr* eftir Vivaldi, *Missa brevis* eftir Mozart, jólaóratóríu eftir Saint-Saëns, *Requiem* eftir Fauré, *Messu í G-dúr* eftir Poulenc, *Jóhannesarpassíuna* eftir Bach, *Sköpunina* eftir Haydn og *Porgy & Bess* eftir Gershwin með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að auki hefur kórinn flutt ýmis smærri tónverk, íslensk og erlend, bæði af kirkjulegum og veraldlegum uppruna, þjóðlög og fleira. Árið 2004 gaf kórinn út geisladiskinn *Það er óskaland íslenskt* þar sem flutt voru íslensk ættjarðarlög og 2008 kom út geisladiskurinn *Það aldin út er sprungið*, en báðir diskarnir hlutu mjög góðar viðtökur.

Sönghópurinn Hljómeyki

Hljómeyki var stofnað árið 1974 og hefur frá upphafi verið í fremstu röð íslenskra kóra. Hópurinn starfaði fyrstu árin undir stjórn Rutar L. Magnússon og flutti þá aðallega veraldlega tónlist frá ýmsum löndum. Árið 1986 tók kórinn upp samvinnu við Sumartónleika í Skálholti og hefur síðan þá lagt megináherslu á flutning nýrrar íslenskrar tónlistar. Í Skálholti hefur Hljómeyki flutt ný verk eftir mörg helstu tónskáld landsins, svo sem Atla Ingólfsson, Elínu Gunnlaugsdóttur, Hildigunni Rúnarsdóttur, Jón Nordal og Jórinni Viðar. Hljómeyki hefur frumflutt yfir 50 tónverk, innlend sem erlend, og var í hópi 13 kóra um víða veröld sem pantaði og frumflutti verkið *Glory and the Dream* eftir Richard Rodney Bennett vorið 2001. Verkið og flutningurinn hér á landi fengu frábæra dóma. Hljómeyki tekur einnig iðulega þátt í norrænum tónlistarhátíðum, svo sem Myrkum músíkdögum og Norrænum músíkdögum.

Hljómeyki hefur nokkrum sinnum tekið þátt í óperuflutningi og má þar nefna *Dido og Æneas* eftir Purcell, *Orfeus og Evridísi* eftir Gluck, *Orfeo* eftir Monteverdi, *La Clemenza di Tito* eftir Mozart og *Carmen* eftir Bizet. Síðastnefndu verkin söng kórinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands en Hljómeyki hefur komið reglulega fram með hljómsveitinni á undanförunum árum, síðast í Níundu sinfóníu Beethovens við vígslu tónlistarhúss Íslendinga, Hörpu.

Hljómeyki hefur gefið út sex geisladiska, með verkum eftir Hjálmar H. Ragnarsson, Þorkel Sigurbjörnsson, Báru Grímsdóttur, Jón Nordal og Sigurð Sævarsson. Stjórnandi Hljómeykis er Marta Guðrún Halldórsdóttir.

Magnús Ragnarsson

kórstjóri



Magnús Ragnarsson stundaði píanónám frá barnsaldri, m.a. hjá Jónasi Ingimundarsyni og Guðríði St. Sigurðardóttur. Haustið 1999 hóf hann orgelnám í Tónskóla Þjóðkirkjunnar hjá Kára Þormar og tveimur árum síðar hlaut hann inngöngu í kirkjutónlistardeild Tónlistarháskólans í Gautaborg þar sem hann stundaði orgelnám hjá Karin Nelson, söngnám hjá Gunnar Forshufvud og nam kór- og hljómsveitarstjórn hjá Jan Yngwe. Þá stundaði hann framhaldsnám í kórstjórn hjá prófessor Stefan Parkman við Háskólann í Uppsöllum. Hann tók við starfi organista Áskirkju í september 2007 og stjórnar kór kirkjunnar.

Magnús tók við stjórn Söngsveitarinnar Fílharmóníu í janúar 2006 og sönghópsins Hljómeykis í ágúst 2006. Meðal stærri verka sem Magnús hefur stjórnað eru *Requiem* eftir Mozart, Fauré og Duruflé, *Stabat Mater* eftir Haydn og Dvořák, *Dixit Dominus* eftir Handel, messur eftir Bach, Zelenka og Schubert, *Carmina burana* eftir Carl Orff, *Náttsöngvar* eftir Rakhmaninov, *Kórkonsert* eftir Schnittke, *Óttusöngvar að vori* eftir Jón Nordal og *Þýsk sálumessa* eftir Brahms. Síðastnefnda verkið flutti Magnús með Söngsveitinni Fílharmóníu og Lutoslawski Fílharmóníuhljómsveitinni í Wrocław í Póllandi við mjög góðar undirtektir. Einnig hefur hann stjórnað frumflutningi á verkum eftir Tryggva M. Baldvinsson, Sigurð Sævarsson, Þóru Marteinsdóttur, Önnu S. Þorvaldsdóttur, Atla Ingólfsson, Hildigunni Rúnarsdóttur, Svein Lúðvík Björnsson og fleiri.

Georg Friederich Händel

Messías



„Í gær var hin nýja óratoría hr. Händels, *Messías*, æfð fyrir fullum sal þar sem var saman komið hið æruverðugasta heiðursfólk. Verkið var prýðilega flutt og veitti óblandna ánægju öllum þeim sem viðstaddir voru; hinir mestu kunnáttumenn kváðu það vera bestu tónsmíð sem nokkru sinni hefði heyrst“. Þessar línur birtust í dagblaðinu *Dublin Journal* 10. apríl 1742, þremur dögum áður en *Messías* var frumfluttur á opinberum tónleikum í tónleikahöll Dyflinnar undir stjórn tónskáldsins. Því er engum blöðum um það að fletta að þetta frægasta meistaraverk Georgs Friederichs Händel (1685–1759) vakti verulega lukku jafnvel áður en kom að eiginlegum frumflutningi þess – og gerir enn, þótt liðnar séu hátt í þrjár aldir. Vel má vera að mörgum nútímahlustendum finnist önnur tónverk hafa vinninginn hvað varðar „bestu tónsmíð sem nokkru sinni hefur heyrst“, en þó er víst að fá meistaraverk sígildrar tónlistar eru jafn oft flutt – og við því líkar vinsældir – sem hin mikilfenglega óratoría Händels.

Messías var vendipunktur á tónsmíðuferli Händels. Árið 1741 hafði saxneska tónskáldið dvalið í Lundúnum í nærri 30 ár og samið nærri 40 óperur. Hann hafði kynnt nýja tegund óperu fyrir eyjarskeggjum, en ensk ópera hafði lengi vel einskorðast við svokallaðar *semi-óperur* sem voru leikrit með viðamiklum tónlistaratriðum, til dæmis *Artúr konungur* og *Álfadrottningin* eftir Purcell. En óperur Händels voru af ítölsku gerðinni og í þeim var margt sem heimamenn kunnu vel að meta, ekki síst innfluttir virtúósasöngvarar sem sungu glæsilegar aríur í *da capo* formi og skreyttu þær ótæpilega með flóknum tónarunum. Öll dramatísk framvinda átti sér stað í tónlesi (*recitativo*), þar sem líkt var eftir hrynjandi og hljóðfalli talaðs máls við fábrotinn undirleik.

Óperur Händels nutu mikillar hylli um árabíl, en á fjórða áratug 18. aldar tók að halla undan fæti. Óperufyrirtækjum fjölgaði og samkeppin jókst, en á sama tíma

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Messías hefur hljómað margoft á Íslandi, ýmist hlutar verksins eða í heild. Páll Ísólffsson stýrði kórþáttum úr verkinu í Dómkirkjunni á þriðja áratug síðustu aldar, og Victor Urbancic stjórnaði verkinu með Kór Tónlistarfélagsins árið 1940.

minnkuðu vinsældir óperunnar hjá almenningi og Händel tapaði umtalsverðu fé. Það segir sitt um snilligáfu hans að hann skyldi strax hafa fundið sér annað tónlistarform þar sem flestir mikilvægustu þættir óperunnar voru einnig til staðar, en sem var bæði hagkvæmara í uppsetningu og áheyrendavænna en ítalska óperan. Óratóríur voru ekki nýjar af nálinni – þær komu fram á Ítalíu um aldamótin 1600 – en í meðförum Händels fengu þær endurnýjun lífdaga. Borið saman við óperu er helsta breytingin sú að söguefnið er trúarlegs eðlis, oftast úr Gamla testamentinu, og að sungið er á ensku. Þá var ekki um sviðsettar uppfærslur að ræða, engir búningar eða sviðsmyndir, og óratóríur mátti flytja á föstunni, þegar óperuflutningur var ekki leyfður. Allt gerði þetta þessa tegund verka mun fýsilegri kost en hinar dýru og áhættusömu óperuuppfærslur sem Händel hafði fengið sig fullsaddan af.

Þótt efniviðurinn sé annar er stíll tónlistarinnar í óratóríum um margt líkur óperunum sem Händel hafði áður samið. Meginuppistaðan er aríur og tónles, en nú bætast við mikilfenglegir kórkaflar sem oft á tíðum eru hápunktar verkanna. Í *Messíasi* bætast við enn fleiri áhrif. Þar er til dæmis að finna ágenga kórþætti sem lýsa æstum mannfjöldanum sem heimtar aftöku Krists, ekki ósvipaða þeim sem jafnaldri Händels, Johann Sebastian Bach, hafði áður notað í passíum sínum. Þá er upphaf verksins tignarlegur franskur forleikur, svo nefndur vegna uppruna hans í óperuforleikjum Jean-Baptiste Lullys fyrir Sólkonunginn í Versölum á seinni hluta 17. aldar.

Sá sem átti hugmyndina að *Messíasi* hét Charles Jennens (1700–1773), guðfræðingur sem var einnig vel að sér í tónlist. Hann hafði aðstoðað Händel við textagerð árinu áður, þegar þeir í sameiningu settu saman textann að *L' allegro, il penseroso ed il moderato* úr ljóðum Miltons. Í þetta sinn valdi Jennens kafla úr heilagri ritningu og úr messubók Ensku biskupakirkjunnar. Ólíkt því sem yfirleitt gerist í öðrum óratóríum og óperum eru textarnir í *Messíasi* því í óbundnu máli. Þótt ótrúlegt megi

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands tók fyrst þátt í flutningi Messíasar árið 1963, undir stjórn Róberts A. Ottóssonar sem einnig hélt um tónsprotann þegar hljómsveitin lék Messías áratug síðar. Árið 1986 flutti hljómsveitin verkið með Pólyfónkórnum í Hallgrímskirkju undir stjórn Ingólfs Guðbrandssonar, og árið 1992 í Háskólabíói undir stjórn Jóns Stefánssonar.

virðast var Jennens ekki ánægður með verkið þegar hann heyrði það í fyrsta sinn. „Messías olli mér vonbrigðum“, ritaði hann; „það var samið í of miklum flýti, jafnvel þótt Händel hafi sagst myndu taka sér heilt ár til að ljúka við verkið, og að það yrði besta tónsmíð hans til þessa. Ég mun ekki láta honum í té fleiri trúarlega texta, til þess eins að vera niðurlægður á þennan hátt.“ Gagnrýnin var að vissu leyti réttmæt: Händel er talinn hafa samið *Messías* á þremur vikum, í ágúst og september 1741. Þó virðist sem Jennens hafi mildast í afstöðu sinni, því hann og Händel áttu frekara samstarf í textagerð nokkrum árum síðar.

Erfitt er að fullyrða hvaða eiginleikar hafa gert *Messías* jafn sígilt verk og raun ber vitni. Tónlistin er vitaskuld meðal hápunkta síðbarroksins og Händel tekst án minnstu áreynslu að sameina í eitt verk gríðarlega fjölbreytt efnistöð, frá glaðværrri heiðríkju til dýpstu sorgar. Kannski á sérstaða *Messíasar* innan óratóriuverka Händels einnig sinn þátt í vinsældunum. *Messías* er ekki dramatískt verk í eðli sínu – eins og óratóriur eru yfirleitt – heldur ljóðræn hugleiðing um hvernig mannkynið frelsaðist fyrir son Guðs. Vitaskuld eru kaflar í verkinu sem vísa til ævi Krists, en meginyrkisefnið er samband Guðs og manna, sem grundvallast á því að Kristur gjörðist maður. Það eru hæglátar hugleiðingar Händels – þættir eins og *He shall feed his flock, How beautiful are the feet* og *I know that my redeemer liveth* – sem mynda þungamiðju verksins, hvort sem skoðað er út frá músíkölsku eða guðfræðilegu sjónarmiði. Hér er öll dramatík lögð til hliðar; tónar og orð eru líkt og græðandi smyrsl fyrir hrellda sál. Og kannski á þessi eiginleiki ekki hvað minnstan þátt í því að við leitum alltaf aftur til *Messíasar*, og njótum þess í hvert sinn.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Söngtextar

Sinfony

[Tenór, söngles] Comfort ye my people

Comfort ye, comfort ye my people, saith your God. Speak ye comfortably to Jerusalem; and cry unto her, that her warfare is accomplished, that her iniquity is pardoned. The voice of him that crieth in the wilderness: Prepare ye the way of the Lord, make straight in the desert a highway for our God.

(Isaiah 40, 1-3)

[Tenór, aría] Ev'ry valley shall be exalted

Ev'ry valley shall be exalted, and ev'ry mountain and hill made low; the crooked straight and the rough places plain.

(Isaiah 40, 4)

[Kór] And the glory of the Lord

And the glory of the Lord shall be revealed, and all flesh shall see it together; for the mouth of the Lord hath spoken it.

(Isaiah 40, 5)

[Bassi, söngles] Thus saith the Lord of Hosts

Thus saith the Lord of Hosts: Yet once, a little while and I will shake the heavens and the earth, the sea and the dry land; and I will shake all nations and the desire of all nations shall come.

(Haggai 2, 6-7)

Forleikur

Huggið mitt fólk

Huggið, huggið mitt fólk segir yðvar Guð. Talið vinsamlega við Jerúsalem, og predikið henni, það hennar riddaraskapur hafi einn enda. Þvíáð hennar misgjörningur er fyrirgefinn. Það er raust eins predikara útí eyðimörkinni: Tilreiði þér vegu Drottins, og gjörið í óbyggðinni sléttan veg vorum Guði.

(Esajas 40:1-3)

Allir dalir skulu upphefjast

Allir dalir skulu upphefjast, og öll fjöll og hálsar skulu niðurlægð verða, og hvað óslétt er það skal slétt verða, og hvað ójafnt er það skal eggslétt verða.

(Esajas 40:4)

Þvíáð dýrðin Drottins

Þvíáð dýrðin Drottins skal opinberuð verða, og allt hold eitt með öðru mun sjá, það munnur Drottins talar.

(Esajas 40:5)

Þvíáð svo segir Drottinn Zebaoth

Þvíáð svo segir Drottinn Zebaoth: Þar er nú einn lítill tími til, að eg vil hræra himin og jörð, sjóinn og þurrlendið, já eg vil hræra alla heiðingjana, þá skal sá huggari allra heiðingja koma.

(Haggeus 2:6-7)

The Lord, whom ye seek, shall suddenly come to His temple, ev'n the messenger of the Covenant, whom ye delight in: behold, He shall come, saith the Lord of Hosts. (Malachi 3, 1)

[Alt, ariá] But who may abide the day

But who may abide the day of His coming? And who shall stand when He appeareth? For He is like a refiner's fire. (Malachi 3, 2)

[Kór] And he shall purify the sons of Levi

And He shall purify the sons of Levi, that they may offer unto the Lord an offering in righteousness. (Malachi 3, 3)

[Alt, söngles] Behold, a virgin shall conceive

Behold, a virgin shall conceive and bear a son, and shall call his name Emmanuel, "God with us". (Isaiah 7, 14)

[Alt, ariá, og kór] O thou that tellest

O thou that tellest good tidings to Zion, get thee up into the high mountain: o thou that tellest good tidings to Jerusalem, lift up thy voice with strength. Lift it up, be not afraid; say unto the cities of Judah, Behold you God! (Isaiah 40, 9)

Og sá Drottinn mun snart koma til síns musteiris, hvers þér leitið, og sá sáttmálans engill, hvern þér girnist. Sjáið: Hann kemur, segir sá Drottinn Zebaoth. (Malachias 3:1)

Og hver mun það standast

Og hver mun það standast þá hann mun opinberast? Þvíáð hann er sem eins gullsmiðs eldur. (Malachias 3:2)

Hann mun hreinsa og klár gjöra

Hann mun hreinsa og klár gjöra Levi börn. Og þá munu þeir færa Drottni matoffur í réttlæti. (Malachias 3:3)

Sjá þú, ein jungfrú er ólétt

Sjá þú, ein jungfrú er ólétt, og mun einn son fæða, og hann mun hún kalla Immanuel. (Esajas 7:14)

Zíon þú sem predikar

Zíon þú sem predikar, far þú uppá hátt fjall, Jerúsalem þú sem predikar, hef þína raust upp með makt, hef þú upp og óttast ei, seg þú borgunum Júda: Sjáið, þar er yðvar Guð. (Esajas 40:9)

Arise, shine, for thy light is come, and the glory of the Lord is risen upon thee.
(Isaiah 60, 1)

[Bassi, söngles] For behold, darkness shall cover

For Behold, darkness shall cover the earth, and gross darkness the people; but the Lord shall rise upon thee, and His glory shall be seen upon thee, and the Gentiles shall come to thy light, and kings to the brightness of thy rising.
(Isaiah 60, 2-3)

[Bassi, aría] The people that walked in darkness

The people that walked in darkness have seen a great light; and they that dwell in the land of the shadow of death, upon them hath the light shined.
(Isaiah 9, 1)

[Kór] For unto us a child is born

For unto us a Child is born, unto us a Son is given, and the government shall be upon His shoulder, and His name shall be called Wonderful, Counsellor, The Mighty God, The Everlasting Father, The Prince of Peace.
(Isaiah 9, 5)

Pifa

Gjör þig reiðubúna og ver björt, því að þitt ljós kemur, og dýrð Drottins upp rennur yfir þér.
(Esajas 60:1)

Því sjá þú myrkrið hylja

Því sjá þú myrkrið hylja jörðina og dimmuþokan þjóðirnar. En yfir þér upprennur Drottinn og hans dýrð sést yfir þér. Og heiðnar þjóðir munu ganga í þínu ljósi og kóngarnir í þeirri birtunni sem yfir þér upprennur.
(Esajas 60:2-3)

Það fólk sem gengur í myrkrunum

Það fólk sem gengur í myrkrunum sér eitt ljós mikið, og yfir þeim sem byggja í myrkvu landi er eitt skært ljós upp runnið.
(Esaja 9:1)

Því að oss er eitt barn fætt

Því að oss er eitt barn fætt, einn sonur er oss gefinn, hvers höfðingjadómur að er á hans herðum. Og hann heitir undarlegur, ráð, kraftur, hetja, eilífur faðir, friðarhöfðingi.
(Esaja 9:5)

Hjarðljóð

[Sópran, söngles] There were shepherds / And lo

There were shepherds abiding in the field, keeping watch over their flock by night. (Luke 2, 8)

And lo the angel of the Lord came upon them, and the glory of the Lord shone round about them, and they were sore afraid. (Luke 2, 9)

[Sópran, söngles] And the angel said / And suddenly

And the angel said unto them, fear not: for behold, I bring you good tidings of great joy, which shall be to all people; for unto you is born this day in the City of David, a Saviour, which is Christ the Lord. (Luke 2, 10-11)

And suddenly there was with the angel a multitude of the heav'nly host, praising God and saying: (Luke 2, 13)

[Kór] Glory to God in the highest

Glory to God in the highest, and peace on earth, goodwill towards men. (Luke 2, 14)

Og fjárhirðar voru þar / Og sjá

Og fjárhirðar voru þar í sama byggðarlagi, um grandana við fjárhúsin, sem varðveittu og vöktu yfir hjörð sinni. (Lúkas 2:8)

Og sjá: Að engill Drottins stóð hjá þeim, og Guðs birti ljómaði í kringum þá, og þeir urðu af miklum ótta hræddir. (Lúkas 2:9)

Og engillinn sagði / Og jafnskjótt

Og engillinn sagði til þeirra, eigi skulu þér hræðast, sjáið: Eg boða yður mikinn fögnuð, þann er skér öllum lýð, því í dag er yður lausnarinn fæddur, sá að er Kristur Drottins í borg Davíðs. (Lúkas 2:10-11)

Og jafnskjótt þá var þar hjá englinum mikill fjöldi himneskra hirðsveita, sem lofuðu guð, og sögðu: (Lúkas 2:13)

Dýrð sé Guði í upphæðum

Dýrð sé Guði í upphæðum, og friður á jörðu, og mönnum góður vilji. (Lúkas 2:14)

[Sópran, aria] Rejoice greatly

Rejoice greatly, O daughter of Zion, shout, o daughter of Jerusalem! Behold, thy King cometh unto thee! He is the righteous Saviour, and He shall speak peace unto the heathen.

(Zechariah 9, 9-10)

[Alt, söngles] Then shall the eyes

Then shall the eyes of the blind be opened, and the ears of the deaf unstopped; then shall the lame man leap as a hart, and the tongue of the dumb shall sing.

(Isaiah 35, 5-6)

[Alt og sópran, dúett] He shall feed his flock

He shall feed His flock like a shepherd, and He shall gather the lambs with His arm, and carry them in His bosom, and gently lead those that are with young.

(Isaiah 40, 11)

Come unto Him, all ye that labour that are heavy laden, and He will give you rest. Take His yoke upon you, and learn of Him, for He is meek and lowly of heart, and ye shall find rest unto your souls.

(Matthew 11, 28-29)

[Kór] His yoke is easy

His yoke is easy and His burthen is light.

(Matthew 11, 30)

En þú dóttir Zíon, gleð þig mjög

En þú dóttir Zíon, gleð þig mjög, og þú dóttir Jerúsalem fagna þú, sjá þú, þinn kóngur kemur til þín, réttlátur, og einn hjálpari. Og hann skal kenna frið á meðal heiðingjanna.

(Sacharías 9:9-10)

Þá munu augu

Þá munu augu blindra upplúkast, og eyrun daufra opnuð verða. Þá mun hinn halti uppstökkva sem hjörtur og tungan hins mállausa mun lof syngja.

(Esaja 35,5-6)

Hann mun fóðra sína hjörð

Hann mun fóðra sína hjörð sem einn hirðir, hann mun lömbunum safna á sína armleggi, og þau í sinni kjöltu bera og leiða lambamæðurnar.

(Esajas 40:11)

Komið til hans allir þér sem erfiði og þunga eru hlaðnir, hann mun endurnæra yður. Takið á yður hans ok, og lærið af honum, því að hann er hógvær og af hjarta lítillátur, og munu þeir hvíld finna sálum yðrum. (Mattheus 11:28-29)

Ok hans er sætt

Ok hans er sætt og hans þungi er léttur.

(Mattheus 11:30)

Hlé

[Kór] Behold the Lamb of God

Behold the Lamb of God that taketh away the sin of the world.

(John 1, 29)

[Alt, aría] He was despised

He was despised and rejected of men; a man of sorrows and acquainted with grief.

(Isaiah 53, 3)

He gave His back to the smiters, and His cheeks to them that plucked off the hair:

He hid not His face from shame and spitting.

(Isaiah 50, 6)

[Kór] Surely he hath born our griefs

Surely He hath borne our griefs, and carried our sorrows; He was wounded for our transgressions, He was bruised for our iniquities, the chastisement of our peace was upon Him.

(Isaiah 53, 4-5)

[Kór] And with his stripes

And with His stripes we are healed.

(Isaiah 53, 5)

Hlé

Sjáið: Þar er það lambið guðs

Sjáið: Þar er það lambið guðs, hvert eð ber heimsins syndir.

(Jóhannes, 1:29)

Hann var sá hinn allra fyrirlitnasti

Hann var sá hinn allra fyrirlitnasti og hinn forsmánlegasti, fullur af sorg og krankleik.

(Esajas, 53:3)

Hann sneri sínu baki til þeirra sem hann slógu, og sína kinnvanga að þeim sem hann reyttu. Hans ásjónu byrgði hann ekki fyrir forsmán og hrákum.

(Esajas, 50:6)

Sannarlega þá bar hann vor krankdæmi

Sannarlega þá bar hann vor krankdæmi, og vorum hryggðum hlóð hann uppá sig.

En fyrir vorra misgjörða sakir er hann særður, og fyrir vorra synda sakir er hann lemstraður. Hegningin hún liggur á honum uppá það vér hefðum friðinn.

(Esajas 53:4-5)

Og fyrir hans benjar

Og fyrir hans benjar erum vér heilbrigðir vorðnir.

(Esaja 53:5)

[Kór] All we like sheep have gone astray

All we like sheep have gone astray;
we have turned ev'ry one to his own
way. And the Lord hath laid on Him the
iniquity of us all.
(Isaiah 53,6)

**[Tenor, söngles] All they that see him
laugh him**

All they that see him laugh him to scorn:
They shoot out their lips and shake their
heads, saying:
(Psalm 22, 7)

[Kór] He trusted in God

He trusted in God that he would
deliver him, let him deliver him,
if he delight in him.
(Psalm 22, 8-9)

**[Tenór, söngles] Thy rebuke hath
broken**

Thy rebuke hath broken His heart,
He is full of heaviness. He looked for
some to have pity on Him, but there
was no man, neither found He any to
comfort Him.
(Psalm 69, 21)

Vér fórum allir villt sem sauðir

Vér fórum allir villt sem sauðir, hver einn
þá rásaði sína götu, en Drottinn lagði
allar vorar syndir uppá hann.
(Esaja 53:6)

Allir þeir er hann sáu hæddu að honum

Allir þeir er hann sáu hæddu að honum,
og núðu sinn munn og skóku höfuðin.
(Psaltarinn 22:7)

Klagi hann það fyrir Drottni

Klagi hann það fyrir Drottni, hjálpi hann
honum, og hann frelsi hann, hafi hann
annars vilja til hans.
(Psaltarinn 22:8-9)

Sú forsmánan kremur hans hjarta

Sú forsmánan kremur hans hjarta, og
kreinkir hann. Hann hugði að hvert að
nökkrum mundi það aumlegt þykja, en
þar var sá enginn, og ef að sá væri nokkur
sem honum hugsvala vildi, en hann fann
öngvan.
(Psaltarinn 69:21)

[Tenór, ariá] Behold and see if there be any sorrow

Behold, and see if there be any sorrow like unto His sorrow.
(Lamentations 1, 12)

[Sópran, söngles] He was cut off

He was cut off out of the land of the living; for the transgression of thy people was He stricken.
(Isaiah 53, 8)

[Sópran, ariá] But thou did'st not leave his soul

But Thou didst not leave His soul in hell; nor didst Thou suffer Thy Holy One to see corruption.
(Psalm 16, 10)

[Kór] The Lord gave the word

The Lord gave the word: great was the company of the preachers.
(Psalm 68, 12)

[Sópran, ariá] How beautiful are the feet

How beautiful are the feet of them that preach the gospel of peace, and bring glad tidings of good things.
(Romans 10, 15)

Skoðið það og hyggið að því

Skoðið það og hyggið að því, hvert þar er nokkur sorg svo sem hans sorg sem hann hefir í ratað.
(Harmagrátur Jeremie, 1:12)

Þvíáð hann er af jörðu lifandi manna

Þvíáð hann er af jörðu lifandi manna í burt slitinn, þá eð hann fyrir misgjörðasakir míns fólks plágaður var.
(Esajas 53:8)

Þvíáð ei muntu mína önd yfirgefa

Þvíáð ei muntu mína önd yfirgefa í helvíti, og ei láta þinn heilaga rotnan sjá.
(Psaltarinn 16:10)

Drottinn hann gefur orðið

Drottinn hann gefur orðið með miklu herliði guðsspjallaranna.
(Psaltarinn 68:10)

Hversu þryðilegir eru fætur þeirra

Hversu þryðilegir eru fætur þeirra, sem friðinn boða, og þeirra eð boða hið góða.
(S. Páls pistill til Rómverja 10:15)

[Bassi, aría] Why do the nations

Why do the nations so furiously rage together, why do the people imagine a vain thing? The kings of the earth rise up, and the rulers take counsel together against the Lord, and against His anointed. (Psalm 2, 1-2)

[Kór] Let us break their bonds asunder

Let us break their bonds asunder, and cast away their yokes from us. (Psalm 2, 3)

[Tenór, söngles] He that dwelleth in heaven

He that dwelleth in heaven shall laugh them to scorn; the Lord shall have them in derision. (Psalm 2, 4)

[Tenór, aría] Thou shalt break them

Thou shalt break them with a rod of iron; Thou shalt dash them in pieces like a potter's vessel. (Psalm 2,9)

[Kór] Halleluia

Hallelujah: for the Lord God Omnipotent reigneth. (Revelation 19, 6)

Hvar fyrir æða svo heiðnar þjóðir

Hvar fyrir æða svo heiðnar þjóðir, og fólkið hugsar svo fáfengilega hluti? Konungarnir landsins taka sig upp, og höfðingjarnir bera sín ráð saman, móti Drottni og í móti hans smurða. (Psaltarinn 2:1-2)

Lát oss þeirra bönd í sundur slíta

Lát oss þeirra bönd í sundur slíta og í burt fleygja frá oss þeirra reipum. (Psaltarinn 2:3)

En hann sem á himnum býr

En hann sem á himnum býr, hann spottar þá, og Drottinn hæðir að þeim. (Psaltarinn 2:4)

Þú skalt í sundur slá þá

Þú skalt í sundur slá þá með járnsþíru, og líka sem annað leirker, þá skaltu í sundur brjóta þá. (Psaltarinn 2:9)

Hallelúja

Hallelúja. Því að Guð almáttugur hefur ríkið undir sig lagt. (Opinberanir S. Jóhannis 19:6)

The Kingdom of this world is become the Kingdom of our Lord, and of His Christ; and He shall reign for ever and ever. (Revelation 11, 15)

King of Kings, and Lord of Lords. (Revelation 19, 16)

[Sópran, aría] I know that my redeemer liveth

I know that my Redeemer liveth, and that He shall stand at the latter day upon the earth; and tho' worms destroy this body, yet in my flesh shall I see God. (Job 19, 25-26)

For now is Christ risen from the dead, the first-fruits of them that sleep. (I Corinthians 15, 20)

[Kór] Since by man came death

Since by man came death, by man came also the resurrection of the dead. For as in Adam all die, even so in Christ shall all be made alive. (I Corinthians 15, 21-22)

Ríkin þessarar veraldar eru orðin vors Drottins og hans Krists, og hann mun ríkja um aldir og að eilífu. (Opinberanir S. Jóhannis 11:15)

Kóngur allra kónga, og Drottinn allra drottna. (Opinberanir S. Jóhannis 19:16)

En eg veit að minn endurlausnari lifir

En eg veit að minn endurlausnari lifir, og það hann hér eftir á seinna meir upp vekja mig af jörðunni. Og það eg mun síðar meir umgefast með þessu mínu hörundi, og að eg mun sjá Guð í mínu holdi. (Job 19:25-26)

En nú er Kristur upp aftur risinn af dauða, og frumburður vorðinn þeirra sem sofnaðir eru. (Fyrri S. Páls pistill til Corintheos 15:20)

Af því að fyrir einn mann kom syndin

Af því að fyrir einn mann kom syndin, og fyrir einn mann kom upprisa framliðinna. Þvíáð líka svo sem þeir dóu allir fyrir Adam, svo verða þeir og allir lífgaðir fyrir Kristum. (Fyrri S. Páls pistill til Corintheos 15:21-22)

[Bassi, söngles] Behold, I tell you a mystery

Behold, I tell you a mystery: we shall not all sleep, but we shall all be changed in a moment, in the twinkling of an eye, at the last trumpet.

(I Corinthians 15, 51-52)

[Bassi, aría] The trumpet shall sound

The trumpet shall sound, and the dead shall be rais'd incorruptible, and we shall be chang'd. For this corruptible must put on incorruption, and this mortal must put on immortality.

(I Corinthians 15, 52-53)

Then shall be brought to pass the saying that is written: death is swallow'd up in victory.

(I Corinthians 15, 54)

[Sópran, aría] If God be for us

If God be for us, who can be against us? Who shall lay anything to the charge of God's elect? It is God that justifieth. Who is he that condemneth? It is Christ that died, yea, rather, that is risen again, who is at the right hand of God, who makes intercession for us.

(Romans 8, 31, 33-34)

Sjáið: Að eg segi yður leyndan dóm

Sjáið: Að eg segi yður leyndan dóm, því að vér munum eigi allir sofna, en þó munu vér allir umskiptilegir verða, og það næsta skyndilega, á einu augabragði, við hinn síðasta lúðurþyt.

(Fyrri S. Páls pistill til Corintheos 15:51-52)

Því að lúðurinn mun gjalla

Því að lúðurinn mun gjalla, og hinir framliðnu munu upp rísa óförgengilega, og vér hinir munum umskiptilegir verða. Því að það hið förgengilega hlýtur að klæðast því hinu óförgengilega, og þetta hið dauðlega hlýtur að skryðast hinu ódauðlega.

(Fyrri S. Páls pistill til Corintheos 15:52-53)

En þá uppfyllist það mál sem skrifað er: Dauðinn er forsveldur í sigran.

(Fyrri S. Páls pistill til Corintheos 15:54)

Er Guð með oss

Er Guð með oss, hver er þá á móti oss? Hver vill nú þá ásaka Guðs útvalda menn? Guð er sá sem réttlætir. Hver er hann sem þá fordæmir? Kristur er hann sem dáið hefur og einnig sá sem upp aftur er vakinn, hver að er til hægri handar Guði, og biður fyrir oss.

(S. Páls pistill til Rómverja 8:31, 33-34)

[Kór] Worthy is the lamb. Amen

Worthy is the Lamb that was slain, and hath redeemed us to God by His blood, to receive power, and riches, and wisdom, and strength, and honour, and glory and blessing. Blessing and honour, glory and power, be unto Him that sitteth upon the throne, and unto the Lamb, for ever and ever. (Revelation 5, 12-13)

Amen.

Charles Jennens tók saman úr Jakobsbiblíu með smávægilegum breytingum

Verðugt er lambið. Amen.

Verðugt er lambið, það slátrað er, að meðtaka kraft, og ríkdóm, og vísku, og styrk, dýrð, heiður og lofgjörð. Til hans sem á stólnum sat og til lambsins: Lof, heiður og dýrð, og vald um aldir og að eilífu. (Opinberanir S. Jóhannis 5:12-13)

Amen.

Reynir Axelsson tók saman úr Guðbrandsbiblíu með samsvarandi breytingum og færði til nýrri stafsetningar

KÓR ÁSKIRKJU OG HLJÓMEYKI

SÓPRAN:

Alda Úlfarsdóttir
Ásdís Björk Kristjánsdóttir
Björney Inga Björnsdóttir
Elín Arna Aspelund
Elma Atladóttir
Heiðrún Hákonardóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Inga Dóra Stefánsdóttir
Rakel Edda Guðmundsdóttir
Tinna Sigurðardóttir
Þórunn Elín Pétursdóttir

ALT:

Anna Hafberg
Anna Hinriksdóttir
Arngerður María Árnadóttir
Bjarney Halldórsdóttir
Brynhildur Auðbjargardóttir
Elísabet Indra Ragnarsdóttir
Gerður Guðmundsdóttir
Lilja Dögg Gunnarsdóttir
Ragnheiður Lárusdóttir
Svanhildur Óskarsdóttir
Valgerður G. Halldórsdóttir
Þorgerður Einarsdóttir

TENÓR:

Björn Hjaltason
Einar G. Kvaran
Finnur Karlsson
Guðmundur Arnlaugsson
Hjörtur Þorbjörnsson
Ingvar Jón Bates Gíslason
Magnús Ragnarsson
Oddur Smári Rafnsson
Ólafur Guðmundsson
Pétur Húni Björnsson
Þengill Ólafsson

BASSI:

Birgir Tryggvason
Daði Svverrisson
Egill Gunnarsson
Guðjón Emilsson
Guðmundur Sigurjóns
Gunnar Emil Ragnarsson
Gunnar Guðnason
Jóhann Baldvinsson
Jón Helgason
Pétur Jóhannes Guðlaugsson
Sigurður Árni Jónsson

PÍANÓLEIKARI Á ÆFINGUM:

Daði Svverrisson

Vínartónleikar

5.-7. janúar



Vinsælustu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabíl verið hinir árlegu Vínartónleikar, og víst er að margir hlakka til að heyra hljómsveitina í léttu og leikandi formi í Hörpu í fyrsta sinn. Dansandi flöskutappar, freyðandi kampavín, fallegir kjólar, reisn og glæsileiki eru einkenni Vínartónlistarinnar sem mörgum þykir ómissandi í upphafi árs. Á Vínartónleikunum 2012 hljómar sígild Vínartónlist, meðal annars Dónárvalsinn sívinsæli eftir valsakónginn sjálfan, Johann Strauss yngri.

Austurríski hljómsveitarstjórinn Willy Büchler er svo sannarlega á heimavelli þegar kemur að léttu og leikandi Vínartónlist. Hann er sjálfur Vínarbúi í húð og hár, er afburða fiðluleikari og var um árabíl einn af leiðandi fiðluleikurum Útvarpshljómsveitarinnar í Vínarborg. Hann stjórnar árlega Vínartónleikum í Konzerthaus í Vínarborg við mikinn fögnuð, og það er óhætt að spá því að gleðstraumar muni flæða um Hörpu þegar Sinfónían tekur að leika ljúfa Vínartóna undir hans stjórn.

Sigrún Hjálmtýsdóttur syngur einsöng á tónleikunum, en hana er óþarfi að kynna fyrir landsmönnum enda hefur hún um áratuga skeið verið ein af ástsælustu söngkonum þjóðarinnar. Á Vínartónleikana 2012 hefur Díddú valið nokkrar eftirlætis aríur sínar í léttari kantinum, meðal annars aríur úr Leðurblökunni eftir Strauss, sem og slagarann sígilda, Wien, Wien, nur du allein.

James Bond-veisla

19. og 20. janúar



Árið 2012 eru 50 ár liðin frá því að James Bond birtist í fyrsta sinn á hvíta tjaldiru, í myndinni Dr. No með Sean Connery í aðalhlutverki. Síðan eru myndirnar orðnar 24 talsins og enn ein væntanleg.

Eitt af því sem einkennir Bond-myndirnar er frábær tónlist. Titilstefið þekkja flestir enda hefur það fylgt myndunum frá upphafi, en meðal tónlistarmanna sem hafa komið til liðs við myndirnar síðan má nefna Madonna, Paul McCartney, Duran Duran, A-ha og Tinu Turner.

Sinfóníuhljómsveitin býður nú til Bond-veislu þar sem fluttir verða allir helstu smellirnir úr myndunum, meðal annars You Only Live Twice, Nobody Does It Better, og A View To a Kill.

Breski stjórnandinn og tónskáldið Carl Davis hefur stýrt Bond-tónleikum víða um heim við góðan orðstír, meðal annars á tónleikum í Royal Albert Hall sem þurfti að endurtaka margoft vegna mikillar eftirspurnar.

Íslenskir söngvarar í fremstu röð taka þátt í tónleikunum. Páll Óskar sló öll met með Sinfóníunni á síðasta starfsári og snýr nú aftur á svið Eldborgar ásamt Valgerði Guðnadóttur, Sigríði Thorlacius úr Hjaltalín, Siggju Beinteins, Ingu Stefánsdóttur og Eyþóri Inga Gunnlaugssyni, sem vakti mikla hrifningu í Rocky Horror hjá LA í fyrravetur. Ekki missa af einstöku tækifæri til að heyra einvalalið söngvara flytja þessi sívinsælu lög í glæsilegum hljómsveitarútsetningum.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

2. desember 2011

1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIÐLA

Greta Guðnadóttir
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Lilja Hjaltadóttir
Kristján Matthíasson
Greta Salome Stefánsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir

VÍÓLA

Sarah Buckley
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Inga Rós Ingólfsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Dean Ferrell

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Eiríkur Örn Pálsson

PÁKUR

Frank Aarnink

SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

KOLABRAUTIN RESTAURANT



*Íslenskt hráefni.
Hefðir miðjarðarhafsins.*

**Við bjóðum upp á
tónleikamatseðil þegar
Sinfóníuhljómsveitin spilar.**

Kolabrautin er
á 4ðu hæð Hörpu

Borðapantanir 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

